

Ed.

606. Nefndarátt

um frv. til laga um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Eins og tekið er fram í greinargerð fyrir frv. mun ekki tiltækilegt, vegna þarfa rikissjóðs, að fella niður útflutningsgjald að þessu sinni, þótt sú muni hafa verið tilætlun stjórnarinnar í þingbyrjun, og að skoða verði útflutningsgjald, nema þá mjög lágt, óheppilegan tekjustofn.

Tekjur af frv. eru áætlaðar 250—300 þús. kr., og er nefndin í engum vafa um, að þeirra er brýn þörf; hún litur einnig svo á, að gjaldi þessu sje svo

í hóf stilt í frv., að ekki geti talist varhugavert að láta það ganga fram, enda samskonar gjald, og jafnhátt, nú í stimpilgjaldslögunum, sem þar á að falla niður. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1921.

Sig. Eggerz,
form.

Guðm. Ólafsson,
skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.

Björn Kristjánsson.

Sigurjón Friðjónsson,
með fyrirvara.